

Hvað segja samningsaðilar um áhrif samninga um aflamark Byggðastofnunar?

Breiðdalsvík

"Samningur um aflamark Byggðastofnunar hefur haft mikil jákvæð áhrif á atvinnuástandið á Breiðdalsvík. Einn helsti ávinningurinn er að okkar mati mælanlegur í aukinni eftirspurn eftir húsnæði til kaups eða leigu, aukinni atvinnu, aukningu í fjárfestingum og fleiri þáttum er stuðla að bættum lífsgæðum á Breiðdalsvík.

Áframhaldandi og auknar aðgerðir sem þessar geta skilað árangri en til þess að svo geti orðið þurfa þær að vera fyrirsjáanlegar og til lengri tíma og möguleikar til þess að bæta við stuðning þar sem þarf, að öðrum kosti eru miklar líkur til þess að sá ávinningur sem náðst hefur tapist fljótt."

Elís Pétur Elísson framkvæmdastjóri Goðaborgar ehf. og Gullrúnar ehf.